

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2006

Tilvisun: UST20060300028/bs

Vatnsveita á Vatnsendaheiði í Kópavogi. Matsskylda


Visað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. mars 2006 þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á Vatnsendaheiði og er það skilgreint sem skógræktarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Landið einkennist af mosapembu og mólendi. Áætlað er að bora átta vatnstökuholur. Reisa þarf stöðvarhús og vatnsgeymi og leggja lagnir frá borholustað að veitukerfi. Talsvert slóðakerfi er á því svæði sem hér um ræðir, þannig að nýlagning slóða verður óveruleg. Leitast verður við að fella stöðvarhús og miðlunargeymi eins vel að landi og kostur er og nýta þær slóðir sem fyrir eru við lagningu vatnsleðslu. Framkvæmdasvæðið er ekki innan náttúruverndarsvæði og er utan Heiðmerkur.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin vill hins vegar benda á að gera þyrfti nánari grein fyrir hvort líkur eru á að umrædd vatnstaka gæti haft neikvæð áhrif á vatnsbúskap Elliðavatns og Elliðaáa.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson

Forstöðumaður